Stjórnartíðindi
1897 - C-deild

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 11, 143, 145, og 339.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

LANDSHAGSSKÝRSLUR.

STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

ÍSLAND

ÁRIÐ 1897.

C-DEILD

REYKJAVÍK.
PRENTUÐ Í PRENTSMIÐJU ÍSAFOLDAR
1897.

Efnisyfirlit.

	Bls.
Skýrsla um heilbrigði manna á Íslandi árið 1896, eptir dr. med. J. Jónassen	1— 12
Virðingarverð húseigna o. fl. 1892—1896, eptir Indriða Einarsson	12— 17
Yfirlit yfir gipta, fædda og dúna, mannfjölda m. m. 1896	18—34
Skýrsla um dómgæzlu árin 1892—1896	34— 65
Skýrsla um sakamál	bls. 34—43
Skýrsla um lögreglumál	— 44—48
Skýrsla um sættamál	— 49—58
Aðalskýrsla	— 59—60
Athugasemdir	— 61—65
Skýrsla um efnahag sveitasjóðanna 1890—95	66—145
Skýrsla um tekjur sveitasjóðanna (eptir hrepp.) fard.árið 1890—91	bls. 66— 74
Skýrsla um útgjöld sveitasjóðanna (eptir hreppum) sama fard.ár	— 75— 83
Skýrsla um tekjur sveitasjóðanna (eptir sýslum) sama fardagaár	— 84— 85
Skýrsla um gjöld þeirra (eptir sýslum) sama fardagaár	— 86— 87
Skýrsla um tekjur sveitasjóðanna 1894—1895 (eptir hreppum)	— 88— 91
Skýrsla um gjöld þeirra (eptir hreppum) sama fardagaár	— 98—107
Skýrsla um tekjur sveitasjóðanna (eptir sýslum) sama fardagaár	— 108—109
Skýrsla um gjöld þeirra (eptir sýslum) sama fardagaár	— 110—111
Skýrsla um tekjur sveitasjóðanna (eptir sýslum) 1890—1895	— 112—123
Skýrsla um gjöld þeirra (eptir sýslum) sömu ár	— 124—137
Yfirlit og athugasemdir	— 138—145
Skýrsla um búnaðarástandið á Íslandi 1896	146—171
Skýrsla um jarðabætur búnaðarfjelaga 1896	172—183
Yfirlit yfir búnaðarskýrslurnar 1896, með tilliti til skýrslna frá búnaðarfjelögum s. á.	184—192
Verzlunarskýrslur 1896	193—341
Aðfluttar vörur	bls. 193—280
Útfluttar vörur	— 281—311
Yfirlit yfir aðfluttar og útfluttar vörur	— 312—322
Skýrsla um skipakomur	— 323—326
Skýrsla um fastar verzlanir	— 327—328
Athugasemdir	— 329—341

Skýrsla

um

heilbrigði manna á Íslandi árið 1896

samin af

landlækni *Dr. med. J. Jónassen.*

Með kansellíbrjefi 20. des. 1803 og plakati 3. marz 1807 var læknum landsins boðið að senda við hver áramót til landlæknis skýrslu um heilbrigðisástand hjeraðsbúa, og landlækni boðið að semja eina aðalskýrslu samkvæmt skýrslum læknanna og senda hana til hins konunglega heilbrigðisráðs í Kaupmannahöfn. Þessu boði hefir verið hlýtt allt til þessa dags.

Allar þessar skýrslur voru geymdar í skjalasafni heilbrigðisráðsins og svo sem enginn hefir vitað, hvað í þeim hefir staðið; að eins hefir lítill útdráttur úr skýrslu landlæknis birzt í þeirri aðal-heilbrigðisskýrslu, sem heilbrigðisráðið danska hefir gefið út á hverju ári að því er Danmerkur ríki snertir.

Með því að mjer hefir virzt eðlilegast, að allar skýrslur íslenzkra lækna væri geymdar hjer á landi en ekki í Kaupmannahöfn, fór jeg þess á leit við hið kgl. heilbrigðisráð, að nefndar skýrslur mættu geymast hjer við skjalasafn landlæknis og tók það svo vel í málið, að það hefir nú sent mjer allar þær skýrslur, sem hjá því hafa verið geymdar og ná þær aptur að byrjun þessarar aldar, en eigi all-fáar gamlar skýrslur hafa glatazt eða skemmzt eða finnast nú ekki framar.

Eins og nærri má geta er mikill fróðleikur fólginn í þessum skýrslum og eru þær ómissandi fyrir hvern þann, sem vill kynna sjer læknamál og heilbrigðisástand hjer á landi á þessari öld. Allt til þessa hefir engin aðalskýrsla birzt hjer á prenti um heilbrigði manna og hafi maður viljað kynna sjer undanfarnar skýrslur lækna, hefir það verið miklum erfiðleikum bundið. Mjer hefir því hugkvæmzt að bæta úr þessu með því að semja árlega aðalskýrslu um heilbrigði manna samkvæmt skýrslum læknanna og birta hana bæði læknum landsins og öðrum til fróðleiks.

Árið 1896 fæddust á Íslandi alls 2423 börn (1243 drengir, 1180 stúlkur). Af þeim voru 71 (2,9%) andvanafædd (36 drengir, 35 stúlkur).

Skilgetin börn voru alls 2038 eða 84,1% (1043 drengir — þar af 25 andvanafæddir — og 995 stúlkur — þar af 27 andvanafæddar).

Óskilgetin börn voru alls 385 eða 15,9% (200 drengir — þar af 11 andvanafæddir — og 185 stúlkur — þar af 8 andvanafæddar).

Tvíburafæðingar á árinu voru alls 47; þar af 41 skilgetn., 6 óskilgetn.

Aldur kvenna, er fæddu lifandi eða andvana börn, var þessi:

	Fæðingarnar.						
	skilgetnar		óskilgetnar		alls		alls
Aldur mæðra	k. k.	kvk.	kk.	kvk.	kk.	kvk.	
milli 15 og 20 ára.	9	9	6	9	15	18	33
— 20—25 —	146	115	53	40	199	155	354
— 25—30 —	254	236	55	44	309	280	589
— 30—35 —	288	285	41	36	329	321	650
— 35—40 —	215	221	26	40	241	261	502
— 40—45 —	94	90	13	10	107	100	207
— 45—50 —	17	18	3	3	20	21	41
— 50—55 —	»	»	»	»	»	»	»
55 ára og eldri.	»	»	»	»	»	»	»

Flestir kvennmennn hafa þannig fætt á aldrinum 30—35 ára, fæstir á aldrinum 15—20 ára. Engin hefir fætt eptir fimtugsaldur.

Á fyrsta mánuði dóu af þeim, sem fæddust lifandi alls 120 börn, þar af 66 drengir (51 skilg. og 15 óskilg.) og 54 stúlkur (39 skilg. og 15 óskilgetnar).

Á fyrsta ári dóu 142 drengir og 105 stúlkur.

Á aldrinum 95—100 ára dóu 4 (2 karlar og 2 konur); á aldrinum 90—95 ára dóu 15 (11 konur og 4 karlar).

Voveiflega dóu alls 10 þannig: 5 drekktu sjer (2 ógiptir karlar, 1 ógipt kona. 1 giptur karl, 1 ekkja;) 4 hengdu sig (3 ógiptir karlar, 1 giptur) 1 skar sig (ekkja).

Af slysförum hafa alls dáið 52; þannig: 40 drukknuðu (26 giptir karlar og 2 ógiptar konur, 12 ógiptir karlar); 5 urðu úti (4 ógiptir karlar, 1 ógipt kona); 7 dáið af öðrum slysförum.

Samkvæmt skýrslum lækna hefir heilsufarið yfirleitt verið gott árið 1896. Eins og venja er til, bar víða á kvefsótt (Bronchitis) fyrri hluta ársins, en sú eina sótt, sem geysaði um allt land var kíghóstinn og skal hans síðar getið. Stöku læknir tekur það fram, að heilsufar manna í umdæmi hans hafi verið með verra móti t. a. m. G. Scheving (Seyðisfjarðarhjerað). Árni Jónsson á Vopnafirði segir svo: »Það er ljóta heilbrigðisástandið hjer — í Vopnafjarðarhreppi — og það fer síversnandi, Allt árið sem leið (1895) gekk kvef; þegar barnaveikinni ljetti af kom tyfus í kaupstaðnum, en í sveitinni var garnakvef (catarrhus intestinal.) og er enn, (6/1'97). Jeg veit ekki hvort þetta vonda heilbrigðisástand stendur í nokkru sambandi við kaupstaðinn, sem er einhver óþokkalegasti kaupstaður á landinu. Slorhausar og hryggir liggja á sumrin í hrönnum eptir fjörunni og úldnar þar og maðkar í sundur og yrði úr þessu óþolandi ódaunn, ef sjórinn ekki skolaði þessu við og við á burtu«.*

Skal nú getið hinna helztu sjúkdóma, sem komið hafa fyrir á árinu.

1. Lungnabólga (Pneumonia) hefir að vanda stungið sjer niður um allt land. Í skýrslunum eru tilfærðir 146 sjúklingar með lungnabólgu, og af þeim hafa dáið 29. Þórður Thoroddsen tekur það fram, að lungnabólgan hafi aldrei áður komið eins sjaldan fyrir í umdæmi hans. Flestir voru sjúklingarnir með lungnabólgu í 1. læknishjeraði (G. Björnsson) nfl. 23 og af þeim dóu 4; þvínæst í 13. l.hjeraði (Jón Jónsson) og af þeim dóu 2.

---

* Þetta er ófögur lýsing hjá lækninum, og vonandi að hún sje orðum aukin.

2. Taugaveiki (Fb. typhoidea) hefir víða gert vart við sig; í 19. l.hjeraði (Skúli Árnason og Ásgeir Blöndal) sýktust 40 manns; í 18. l.hjeraði (Ólafur Guðmundsson) sýktust 31; í 1. l.hjeraði (G. Björnsson) sýktust 23; í 13. (Árni Jónsson) sýktust 18; í 8. (Júlíus Halldórsson) 17; í 12. (Gísli Pjetursson) sýktust 12; Davíð Scheving segir: »taugaveiki var að byrja í des. 1895 á Helgafelli; hjelst veikin þar við og fengu hana ellefu, en ekki breiddist hún þaðan út á eitt einasta heimili í kring; síðan kom 1 tilfelli í júní og 1 í nóvbr. enginn dó«. Júlíus Halldórsson segir: »taugaveiki gekk seinast í febr. og í mars og byrjun aprílmánaðar; hvaðan hún fluttist, varð eigi með vissu sagt, þótt líklega að hún hafi borist með manni af Suðurnesjum; kom að eins á 5 bæi í Miðfirði; 1 dó, gamall maður yfir sjötugt«. Ólafur Guðmundsson segir: »taugaveiki hefir gengið allt árið; flest tilfelli í janúar (7), og marz og í nóvbr, 1—3 hina mánuðina, enginn dó«. Alls eru taldir 12 dánir af veikinni; en talið er að 195 manns hafi veikst; má því ætla að veikin hafi verið væg á mörgum. Nokkrir læknar hafa getað rakið feril veikinnar; þannig tekur Páll Blöndal það fram, að á einum bæ hafi tveir veikst og á öðrum 3 og barst veikin þangað af hinum fyrri bænum; auk þessa voru 4 sjúklingar með taugaveiki sinn á hverjum bæ, er lágu langt hvor frá öðrum og gat sóttin eigi hafa borist milli þeirra, með því samgöngur höfðu engar átt sjer stað, að því er Páll gat að komizt, þótt líkur væru til að einn sjúklingurinn hefði borið veikina í sjer úr Árnessýslu. Í umdæmi Þ. Thoroddsens lagðist ungur piltur í taugaveiki á bæ á Miðnesi; systir piltsins á öðrum bæ, heimsótti hann við og við og fjekk veikina.

3. Mislingar (Morbilli) komu á Seyðisfjörð og fluttust þangað með Færeyingum í maímánuði; veiktust 25; tókst að verja útbreiðslu veikinnar með því að hinir veiku voru hafðir í ströngu sóttvarnarhaldi; veikin var talin væg; enginn dó úr henni.

4. Dílasótt (»rauðir hundar«-Rubeola) gjörði víða vart við sig; í 6. l.hjeraði (Þorvaldur Jónsson) voru 18 sjúklingar, í 1. l.hjeraði (G. Björnsson) 12, í 2. (Þórður Thóroddsen) 9; í 10. l.hjeraði (Helgi Guðmundsson) 7; veikin var að venju væg.

5. Hlaupabóla (Varicella) hefur gjört vart við sig hingað og þangað en hvergi eins og í Ísafjarðarsýslu; tilfærir Þorvaldur Jónsson 80 tilfelli frá því í júlí til ársloka.

6. Kvefsótt (Tracheo-bronchitis) gekk um allt land og hefur læknis verið leitað í rúmlega 1000 tilfellum; flestir læknar telja veikina væga, þó eru sumir þeirra sem taka það fram, að sóttin hafi lagzt þungt á börn og gamalmenni; eruað eins 5 taldir að hafa dáið úr veikinni.

7. Gigtveiki með sótt (Fb. rheumatica). Í skýrslunum er getið um 26 sjúklinga með þessari veiki; enginn dáið.

8. Barnsfarasótt (Fb. puerperalis). Hennar er getið 13 sinnum; 2 sjúklingar voru hjá Sigurði Hjörleifssyni með barnsfarasótt, en lifðu báðir, 2 hjá Sigurði Magnússyni, lifðu, 2 hjá Birni Blöndal, dóu báðir, 1 hjá Zeuthen dó.*

9. Barnaveiki (Croup). Þessi voðalega veiki, sem virðist miklu fátíðari nú en áður, hefur stungið sjer niður hingað og þangað og eru taldir ellefu sjúklingar, af þeim dóu 5. Flestir voru sjúklingarnir hjá S. Hjörleifssyni (7) og dóu 3 og hjá sama lækni kom fyrir illkynjuð kverkabólga í 4 sjúklingum og dóu 3.

10 Kverkabólga (Angina tonsillaris) hefur víðast gengið; þó nefnir Tómas Helgason og Friðjón Jensson hana ekki. Flestir sjúklingar með hálsbólgu hafa verið hjá Ólafi Guð-

*) Þegar þess er gætt að mikið vantar á, að nægur þrifnaður sje viðhafður við fæðingar og í sængurlegunni, þá gegnir það hinni mestu furðu, að barnsfarasóttin eigi skuli vera hjer margfalt algengari. Vaxandi menning ljósmæðra er vonandi að leiði hjer gott af sjer.

mundssyni nfl. 59, hjá Árna Jónssyni 57, Guðm. Björnssyni 41, Þorv. Jónssyni 37, Davíð Scheving 31; eru 8 taldir dánir úr veikinni.

11. Íllkynjuð kverkabólga (Diphtheritis)kom alls fyrir 18 sinnum: 5 sinnum hjá Ólafi Guðmundssyni, 4 sinnum hjá G. Björnssyni og Sigurði Hjörleifssyni 3 sinnum hjá Guðm. Hannessyni;5 sjúklingar dóu (3 hjá Sigurði og 2? hjá G. Hannessyni). Á 8 ára gl. dreng kom það fyrir hjá Þórði Thoroddsen, að eptir að honum var batnað kom í drenginn magnleysi (Paralysis) í kokið, augnvöðvana og annan handlegginn, en það batnaði án sjerstakra aðgjörða.

12. Garnakvef (Catarrhus intest. acut.). Þessi kvilli virðist að hafa verið mjög tíður, þar sem tilfærðir eru um 1000 sjúklingar og má óhætt ætla að margir hafi eigi leitað læknis. Í Rangárvallasýslu hefir borið lang-mest á veikinni; tilfærir Ólafur læknir 246 sjúklinga; Zeuthen 96 sjúklinga; G. Björnsson 94; Davíð Scheving 86. Dánir eru taldir 8 sjúklingar. Ólafur Guðm. segir svo: »Hjer var ákafur Cholerine-snertur í júlí, og get jeg ekki vitað, af hvaða ástæðum, en þó vil jeg geta þess, að vötn og uppsprettulindir uxu þá mjög og óvanalega, og lítur svo út, sem það ef til vill hafi staðið eitthvað í sambandi við jarðhristingar þær, sem á eptir fóru í ág. og sept. Þetta er að eins tilgáta mín, því jeg hvorki gat eða gjörði að skoða nákvæmlega neyzluvatn það, sem fólk hjer almennt brúkaði um þá daga, en það er víst, að mest bar á þessari veiki hjer í kringum fjallið, einmitt þar, sem uppsprettulindirnar hafa breytt sjer mest«.

13. Kíghósti (Tussis convulsiva) barst hingað til lands til Flateyrar með fiskiskipum frá Friðrikshöfn á Jótlandi í maímánuði, barst svo til Dýrafjarðar, og á Ísafjörð og »breiddist þaðan út um allt hjeraðið, að einstökum bæ undanskildum, á 3—4 mánuðum, tók flest öll börn allt að 8 ára gl.; var veikin fremur væg; þau börn, sem dóu, voru flest á 1. og 2. ári og var það lungnabólga, sem optast varð dauðameinið; 2 dóu úr heilabólgu«. Um 17. sept. fluttist veikin yfrí Strandasýslu (til Trjekyllisvíkur og Reykjarfjarðar) og um sama leyti fór að bera á henni í Gufudalssveit í Barðarstrandasýslu. Í nóvember geysaði veikin í Snæfellsnessýslu o; barst hún þangað að sunnan. Um áramótin (96—7) var hún ekki enn komin í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Til Reykjavíkur barst veikin í október með fólki, sem hafði verið á Vestfjörðum, »kom hún samtímis upp á mörgum stöðum í 1. l.hjeraði (Kjós og Kjalarnesi, Mosfellssveit, Seltjarnarnesi)«. »Í október fluttist veikin að Gerðum í Garði með tveimur börnum af Vestfjörðum og útbreiddist um árslokin; í des. var veikin komin á einn bæ á Vatnsleysuströnd, óvíst hvaðan«. Á Seyðisfirði byrjaði veikin í miðjum september. Um árslokin var hún eigi komin í Suðurmúlasýslu en í Norðurmúlasýslu bar víða á henni. Í Eyjafjarðarsýslu byrjaði veikin í byrjun september og barst þangað frá Ísafirði með strandferðaskipinu. »Um árslok var veikin útbreidd um allt Möðruvalla-pláss, fram í Öxnadal og Hörgárdal fremst, fram í Eyjafjörð og hingað inn í bæ« (orð læknisins). Um árslokin voru 4 börn veik á Akureyri.

14. Gulusótt (Icterus). Það kom víða fyrir að faraldur var að gulusótt. Þannig segir Guðm. Björnsson: »Hjer skal þess getið að gulusótt (icterus epidemicus) var á kreiki í Hafnarfirði um áramótin 1895—6 og byrjaði að nýju í október; hefir síðan talsvert borið á þessum kvilla, fram til áramóta. Jeg tel það eptirtektavert, að á þeim heimilum, þar sem veikin hefir komið á annað borð, þar hafa vanalega fleiri en einn fengið hana — þetta tveir til fimm, bendir það ljóslega í þá átt, að veikin sje næm (contagiös). Þeir, sem veikst hafa, hafa legið rúmfastir 3 til 15 daga; nokkrir hafa þó einlægt verið á fótum«.

Þórður Thoroddssen segir: »Á stöku stað í umdæminu hefir gula (ict.epid.), mjög væg, gjört vart við sig; hefi jeg af þeim sjúkdómi haft 18 tilfelli; varð jeg fyrst var við þennan sjúkdóm í Vogunum í aprílmánuði, og höfðu þar fleiri sýkst en til mín leituðu, einkum

börn; allt árið var svo þessi veiki að stinga sjer niður, einkum þó seinustu mánuði ársins.

Páll Blöndal segir: »Enn skal minnast einnar sóttar, sem leit út fyrir að vera faraldurskennd og er það gulusótt. Hjá 7, er jeg sá alla, var það einföld gula (ict. simplex). Af þessum sjúklingum voru 3 á sama bæ, er veiktust hver fram af öðrum, hinir 4 sinn á hverjum bæ. Allir voru sjúklingarnir á aldrinum 15 — 35; 5 karlmenn og 2 kvennmenn. Þess skai getið, að um sama leyti fengu fleiri á þessum sömu heimilum magakvef ýmist með hitasótt eða sóttlaust«.

Þorv. Jónsson segir: »Í nóv. og dec. komu hjer fyrir sjerstaklega í kaupstaðnum og umhverfis hann mjög mörg tilfelli af magakvefi með gulu og fengu það helzt konur og börn; varaði það optast 2—4 vikur og varð engum að bana það kunnugt er«.

15. Berklasótt (Tuberculosis) virðist fara í vöxt hjer á landi; þannig hefur *G. Björnsson* haft 60 sjúklinga 50 með veikina í lungunum, 10 á öðrum stöðum; *G. Hannesson* 24 með lungnaberkla, 13 á öðrum stöðum; *Stefán Gíslason* 9 í lungum, 3 á öðrum stöðum; *Sig. Hjörleifsson* 7 í lungum, 3 á öðrum stöðum; *Sig. Pálsson* 4 í lungum, 3 á öðrum stöðum; virðist svo sem veikin sje eigi jafn útbreidd um landið, þar sumir læknar geta alls ekki um hana, og í mjög fjölmennu hjeraði, eins og t. a. m. 2. hjeraði (*Thoroddsen*), telur læknirinn aðeins 1 sjúkling með þessari veiki.

Kirtlaveiki (Scrophulosis) er samkvæmt skýrslunum mjög almenn og má eflaust ætla að læknis sje eigi ávallt leitað. Sumir læknar tilfæra marga sjúklinga með veikina t. a. m. Ólafur Guðmundsson 56, Sigurður Pálsson 35. Þórður Thoroddsen segir: »Kirtlaveiki (scrophulosis) álít jeg að komi hjer mjög sjaldan fyrir. Sjúkdómur sá, sem hjer er almennt kallaður kirtlaveiki, álít jeg að ekki sje scrophulosis. Jeg hefi grun um, að sá sjúkdómur sje öllu fremur anæmia leucæmica eða pseudo-leucæmi. Jeg hefi hugsað mjer við tíma og tækifæri að gjöra rannsóknir þar að lútandi«.

16. Sullaveiki (Echinococcus). Í skýrslum lækna er getið um 235 sjúklinga sullaveika, en efalaust hafa mjög margir eigi leitað læknis. Stöku læknir getur þess, að sjúkdómurinn virðist vera í rjenun. Zeuthen segir: »Þrátt fyrir það, að sullaveikin enn er allt of tíður sjúkdómur, finnst mjer samt veikin vera í rjenun; sjúklingarnir eru nú optast eldri menn, sem hafa haft veikina fleiri ár, enda er hreinlæti manna nú miklu meira en áður og einkum varasemi í umgengni við hunda miklu meiri«. Það kom fyrir hjá Zeuthen, að ung stúlka, sullaveik, sem hóstaði blóði og sullahúsum upp, »kafnaði allt í einu af sulli, sem ekki homst upp«.

Athgr. Hundalækningar hafa víðast farið fram, og það með góðum árangri, og er það mjög vel farið, því telja má víst, að sullaveikin bæði á mönnum og skepnum minnki að mun er fram í sækir, ef menn halda því dyggilega áfram að lækna hundana. Flestir hafa brúkað arecaduft, aðrir kamaladuft. Margir af læknunum taka það fram, að nú sje alþýða farin að sannfærast um nytsemi hundalækninganna og hefur marga hryllt við allri þeirri ormamergð, sem ruðst hefur niður af hundunum. Það er mjög áríðandi, að öllu því, sem niður af hundunum gengur, þegar búið er að gefa þeim inn, sje komið þannig fyrir, að óyggjandi sje, að því sje brennt eða grafið djúpt niður; ríður því einkum á því, að vel sje hreinsað hús það, er hundarnir hafa verið í, meðan á lækningunni stóð.

Lækningarnar hafa víðast verið faldar sjerstökum mönnum á hendur; stöku læknir t. a. m. Þorgr. Þórðarson, hefur sjálfur ásamt öðrum gefið hundunum inn meðalið. Svo er að sjá, sem mönnum sje alvara með að rýma á burt þessari landplágu.

17. Holdsveiki. Þar eð talning holdsveikra enn stendur yfir, minnast læknar í skýrslum sínum lítið á veikina. Þ. Thóroddsen segir: »4 sjúklingar hafa leitað til mín þetta

ár, sem hafa haft öll einkenni til byrjandi holdsveiki. Er einn af þeim sjúklingum hjer í Keflavík, annar í Njarðvíkum, þriðji á Miðnesi og fjórði á Vatnleysuströnd; 4 holdsveika aðra en þá, sem hjer eru taldir, hefi jeg orðið var við í umdæminu á þessu sumri, sem jeg áður ekki hefi sjeð nein merki til að hefðu þann sjúkdóm. Er því óhætt að segja, að miklu fleiri eru hjer nú sem stendur holdsveikir en fyrirfaiandi ár, og virðist sem hún sje að fara í vöxt hjer sú veiki«.

18. Krabbamein (Cancer). Þórður Thoroddsen segir: »Krabbamein hafa þetta árið komið fyrir á

1 konu í maganum
1 konu í hægra brjósti
1 karlmanni í vjelindinu
1 konu í vjelindinu«.

Þrjú hin fyrnefndu eru þegar dáin og hin síðasttalda liggur fyrir dauðanum. Það er eptirtektavert, hvað þessi sjúkdómur er farinn að færast í vöxt hjer á síðari árum. Fyrstu árin, sem jeg hefi verið hjer í umdæminu, kom þessi sjúkdómur alls ekki fyrir. Það var fyrst árið 1890 sem jeg varð var við hann, og eptir það eru fleiri og fleiri tilfelli á ári hverju, þannig hafa komið fyrir

1890 2 tilfelli af krabbameini í vör
1891 1 — — —— í maga og 1 í brjósti
1892 1 — — —— í vör
1893 1 — — —— í maga
1894 4 — — —— í maga
1895 1 — — —— í andliti, 1 í brjósti, 2 í maga
1896 4 eins og áður er sagt.

Það eru alls 18 tilfelli síðan 1890, en alls ekkert tilfelli á árinu 1883—90. Hver orsökin er til þessa eða hvort það á að nokkru leyti rót sína að rekja til Influenza-sóttarinnar, sem gekk 1890 og 1894 læt jeg ósagt«.

Páll Blöndal segir: »6 sjúklingar með krabbameini hafa leitað til mín, 3 karlkyns og 3 kvennkyns, allir á aldrinum 45—70 ára. Af þeim hafa 4 dáið þetta ár, en 2 liggja enn. Upphaflega varð krabbameins vart í maganum hjá þremur; í hálskirtlunum, lifrinni og maganum hjá einum, í endagörninni hjá einum og í neðri vörinni á einum. Þetta eru ískyggilega margir krabbameinssjúklingar þar sem þeir eru 1.24% af allri sjúklingatölunni. Auk þess hefi jeg talsverðar líkur til, að enn hafi 2 aðrir, er ekki leituðu mín, dáið úr krabbameini; í sömu sókninni (Stafholts) áttu 4 af fyrtöldum sjúklingum heima.

Sem »curiosum« vil jeg geta þess um einn af sjúklingum þessum, 58 ára gamlan kvennmann (sem aldrei hafði alið barn), er leitað hafði ráða til mín við uppköstum og harðlífi, en jeg aldrei sjeð, að hún hafði staðið all-lengi í þeirri meiningu, að hún væri vanfær, og því beðið þess, er hún vænti dauða síns, að hún yrði skorin upp. Fann jeg þá að banamein hennar var krabbamein í maganum (cancer pylori) en það er hún hafði haldið vera barnsleg með burði, var hin mjög útþanda og ákaflega stækkaða þvagblaðra, og hefir hún víst langan tíma, án þess að gruna það, einnig þjáðst af langvinnri blöðrubólgu«.

Ólafur Guðmundsson: »jeg vil geta þess að »strictura oesophagi« (þrengsli í vjelindinu) er að mínu áliti mjög almenn hjer (þetta ár 4) og hefi jeg orðið að útvíkka (dilatera) hvað eptir annað; cancer (krabbamein) liggur auðvitað »á bak við«.

19. Beinbrot (Fractura) hafa all-víða komið fyrir; tíðust voru viðbeinsbrot (fr. claviculæ), geislabeinsbrot (fr. radii) og rifbrot (fr. costæ) nfl. 9 sinnum hvert um sig; þessu næst öklabeinsbrot (fr. malleoli) 7 sinnum, svo upphandleggsbrot (fr. humeri) 5

sinnum, svo lærbrot (fr. femoris) 4 sinnum, svo fótleggsbrot (fr. tibiæ) og hnjeskeljarbrot (fr. patellæ) 3 sinnum hvert um sig. Flest beinbrot hafa komið fyrir í 19. l.hjerаði (Sk. Árnason og Ásgeir Blöndal) nfl. 6 sinnum. Í 5. 10, 13. 14. og 20. læknishjerаði er þess eigi getið að bein hafi brotnað; eigi heldur í Dýrafirði, Mýrum, N. Þingeyjars. Seyðisf. nje í Dalasýslu.

20. Liðhlaup (Luxatio). Tíðast hefur öxlin gengið úr liði (l. humeri) nfl. 12 sinnum; 3 sinnum um fótliðinn (l. pedis); einu sinni gekk kjálkinn úr liði (l. max. inf.). Alls eru liðhlaup talin 24 sinnum.

21. Skotsár (V. sclopetarium). »Þrettándadagskveld« — svo skýrir Guðmundur Björnsson frá —»var mín vitjað að Hrólfskála til unglingsstúlku, sem verið hafði við brennu hjá Valhúsinu og fengið skot — forhlað — í kviðinn; hafði maður af ógáti hleypt byssu fast við hana. Forhlaðið sat í kviðveggnum neðanvert og vinstra megin við naflann; þegar jeg tók það burt, kom í ljós krónustórt gat á kviðveggnum; kom bugða af smáþarminum út í gatið og var hún að sjá ósködd. Jeg áleit þó mestar líkur til þess að þarmarnir hefðu meiðzt (contunderast), en sá partur færst frá skotstaðnum; hefði því átt að gjöra kviðskurð (laparotomi) og garnaskurður (resectio intest.) getað bjargað lífinu — ef til vill. En af sjúklingnum var mjög dregið (collaps), flutningur ómögulegur, húsakynni ómöguleg fyrir slíkar óperationir. Jeg saumaði því saman kviðgatið í þeirri hugsun að þarmmeiðslið kynni að vera svo lítið, að ekki kæmi á þá gat (perforation). Næsta morgun enginn feber, en mikið magnleysi; seinna um daginn allt í einu uppköst, allan mátt dró af henni og hún dó«.

Zeuthen segir: »Skot lenti í Stöðvarfirði framan á brjóst og hol. Skotið kom frá vinstri hlið, hitti mest kring um neðsta enda bringubeinsins (proc.ensif.);sum höglin fóru inn, sum flögruðu meðfram útundir holhönd; hann spýtti fyrst blóði nokkrum sinnum, en svo hvarf það: það sem bjargaði honum var sjálfsagt það, að hann hjelt einmitt svoleiðis vinstri hendinni að mikið af höglunum fór í hana«.

22. Eitranir (Veneficium). Tómas Helgason skýrir svo frá: »Tvær eitranir komu og fyrir á árinu, en hvoruga sá jeg. Stafaði önnur af því, að unglingspiltur hafði drukkið óhreinsaða karbólsýru, er ætluð var til fjárböðunar, og stóð karbólsýruflaskan án áskriptar í opnu pakkhúsi í Flatey. Maðurinn dó nokkrum tímum seinna.

Hin eitranin mun líklega hafa orsakast af frönsku keksi; 2 ára gl. barn, hraust og heilbrigt, dó fáum tímum eptir að það borðaði keksið með eitrunar einkennum, svo sem miklum óstöðvandi uppköstum og niðurgangi; líkið strax dökkblátt um allan kroppinn; daginn eptir ópolandi rotnunarfýla af því«.

23. Eiturígerðir (Pustula maligna). *Sigurður Hjörleifsson* skýrir svo frá: »Við víkjandi sjúklingnum með pust. mal. vil jeg geta þess, að áður en hann sýktist, drápust 5 kindur og ein kýr snögglega og mun ekki vera efi á því, að þær drápust úr miltisbrandi. Mjög mikið var brúkað á bænum af ósútuðum útlendum húðum. Sjúklingurinn hafði töluvert fengist við skepnur þær, er drápust, hafði meðal annars rakað húðina af þeim með óheilum höndum. Varð hann altekinn af verkjum degi síðar. Sjúklingurinn lá nálægt 7 vikur rúmfastur og skar jeg handlegginn mjög suudur; var lengi mjög tvísýnt um líf hans, en nú má heita albata. Strax þegar jeg hafði skoðað sjúklinginn, tilkynnti jeg amtmauni veikina og gjörði hann nokkrar ráðstafanir í tilefni af því. Seinna drapst önnur kýr og nokkrar kindur á sama hátt á bæ þessum, en ekki hefur á henni borið síðan.

Sigurður Sigurðsson skýrir svo frá: »G. I. 7 ára. Um kveldið þann $^1/_8$ fór hann heilbrigður að sofa, en tekið hafði verið eptir því, að hann hafði litla bólu með herzli í kring á efri augnaloksröndinni á hægra auga; um morguniun þann $^2/_8$ var hann búinn að rífa ofanaf bólunni í svefninum og bjúgbólga komin í bæði augnalokin á hægra auga, upp á enni, niður á kinn og fram á nef, hægra megin og aptur að eyra og nokkuð vinstra megin;

ekkert gat hann opnað hægra augað en ofurlítið vinstra augað. Við augun var lagður poki með skornum kamillublómum, vættur í volgu vatni við og við og honum gefin kælandi mixtúra. Sýndist fyrst bólgan hjaðna af þessu. Undir kveldið fór honum að versna, gat hvorugt augað opnað, var rænulaus og ansaði ekki; var jeg sóttur; kom þangað um miðnætti. Sjúklingurinn lá í djúpu móki (sopor); með naumindum varð stungið skeiðarskapti milli tannanna; jeg gjörði skurði (scarificationir) í húðina á augnalokunum og hreifði hann sig ekkert við það. Bjúgurinn hvarf um stund af augnalokunum en lítið var hægt að opna augun. Hann hafði uppsöluhreifingar en gat lítið selt upp. Púlsinn lítill, 130 á mínútunni. Hann dó fáum stundum síðar«.

24. Meiðsli. Zeuthen skýrir svo frá: »Af heilahristingi (commotio cerebri) var einkum eitt tilfelli mikið. Drengur 3 ára datt snemma dags í húsi, sem verið var að byggja, úr glugga, sem hann hafði komist upp í að utanverðu inn fyrir ofan í grjótlagðan kjallara og hafði höfuðið slegist í lúkugatsbarminn áður hann lenti ofan eða svo hjeldu menn. Þegar jeg kom til hans 5 tímum seinnna, lá hann meðvitundarlaus; í öðru hliðarbeini höfuðsins (os parietale) fannst meira en krónustór dæld nokkuð djúp, lítil bólga utaná; dældin lítið eitt frá örvasaumi (margo sagittalis), sem samt sýndist óskaddaður; vinstra auga lokað og efra augnalokið gat ekki haldist uppi; munnurinn fastur saman og vinstra munnvik dregið dálítið upp og munnvatnið rann þar út einlægt; krampadrættir kring um hægra augað og í hægri helming af andlitinu eins og í vinstra handlegg, höndin þar kreppt; andardráttur óreglulegur og lítill eins og púls, sem varla fannst af og til; engar hægðir til baks eða lífs. Hann lá svona framundir næsta morgun og kramparnir fóru að minnka; úr því smá-lagaðist. Fleiri daga gat hann ekki opnað v. auga alveg og var fleiri vikur að ná sjer aptur. Dældin var þá hjer um bil horfin«.

»Frakkneskur maður hafði dottið úr mastri á bakið ofan á einhver járn og stórkostast 5 eða 6 dögum áður hann kom inn á Fáskrúðsfjörð«.

25. Lekandi (Gonorrhoea) er tilfærður í 21 skipti. Guðm. Björnsson 8 sjúklinga, Zeuthen 5; optast voru það útlendingar, útlendir sjómenn, sem komu veikir frá útlöndum, þó voru eigi all-fáir Íslendingar, sem höfðu fengið veikina hjer á landi.

26. Fransósveiki (Ulcus syphilitic.); 3 eru tilfærðir í skýrslunum, allir útlendingar 2 hjá Davíð Sch., 1 hjá Ásgeir Blöndal.

27. Drykkjuæði (Delirium tremens) er tilfært tvisvar, annað hjer í Reykjavík og hitt hjá Þórði Thoroddsen. Þykir furða að eigi skuli koma optar fyrir hjer á landi.

28. Kláði (Scabies). Allir læknar tilfæra marga sjúkl. með kláða nema Davíð Scheving, Helgi Guðmundsson, Þorgr. Þórðarson, Sigurður Hjörleifsson, sem ekki nefna hann. Flesta kláðasjúklinga tilfærir Ólafur Guðmundsson nfl. 96, því næst Þórður Thoroddsen 43, Ólafur Finsen 35, Guðm. Björnsson 31.

Fæðingar.

Opt hefir orðið að leita læknis til kvenna, sem verið hafa í barnsnauð; hefir orðið að hjálpa með verkfærum (töng) í 37 skipti; burðinum hefir orðið að snúa í 6 skipti; 6 börn hafa fæðst andvana, er tekin hafa verið með tönginni, og 3 hafa fæðst andvana er snúa hefir orðið burðinum; í 3 skipti hefir legkakan (placenta) legið fyrir legopinu (pl. prævia) og skal þessa síðar getið. Guðm. Björnsson, Davíð Scheving, Ólafur Guðmundsson og Ásgeir Blöndal hafa hver um sig hjálpað með töng í 4 skipti; Júlíus Halldórsson, Fr. Zeuthen í 3 skipti hver; Sig. Pálsson, G. Hannesson, Þorvaldur Jónsson, Gísli Pjetursson, Friðjón Jensson, Sig. Hjörleifsson í 2 skipti hver; Páll Blöndal, Þórður Thoroddsen, Sig. Sigurðsson í 1 skipti hver; Þorst. Jónsson, Björn Blöndal, G. Scheving og Magnús Ásgeirsson aldrei.

Eins og áður er getið, kom það þrívegis fyrir að legkakan lá fyrir (pl. prævia), var það hjá Davíð Scheving, Sig. Hjörleifssyni og Fr. Zeuthen. Davíð náði burðinum, er var andvana, en lífi konunnar varð bjargað, og eins fór hjá Zeuthen, (hafði konan alið 8 börn áður), en hjá Sigurði var konan dáin, áður en hann kom að; segir Sigurður svo frá: »Eg var langt burtu frá heimili mínu á læknisferð, þegar mín var vitjað, en ferðin gekk þó mjög greiðlega, enda grunaði mig þegar af lýsingu yfirsetukonunnar, hvað um mundi vera að ræða. En konan var dáin fyrir nokkru, þegar eg kom, enda hafði blætt ákaflega. Um meðgöngutímann hafði borið á blóðmissi, víst einu sinni, og var yfirsetukonunnar vitjað; hafði hún gefið konunni járndropa; konunni hætti að blæða og þótti þá ekki ástæða til þess að gjöra mjer aðvart um það«.

Fyrir Sigurð kom og tvíburafæðing; »fyrra barnið fæddist lifandi og allt gekk reglulega til, en á seinna barninu báru fæturnir að; nú var mjer vitjað og var jeg kominn þangað eptir liðuga tvo tíma frá því farið var af stað að vitja mín, en þá var konan dáin fyrir á að gizka ½ tíma. Hafði dregið af henni allan mátt (collaberað) allt í einu og efast jeg ekki um að þar hafi verið um »Emboli« að ræða. Þegar konan var að deyja, hafði yfirsetukonan reynt að draga barnið fram en ekki tekizt það; gat ekki náð handleggjunum niður og við það sat, þegar jeg kom. Kviður barnsins sneri upp. Mjer tókst að ná niður handleggjunum og höfuðið tók jeg með tönginni, en náttúrlega var barnið dáið fyrir löngu og hafði jeg þar ekki meira að starfa.«

Einni konu hjálpaði Ásgeir Blöndal með tönginni og heilsaðist konu og barni vel á eptir, en konan dó af blóðlátum að fáum dögum liðnum, og var talið að það hefði orsakazt af hræðslu og óvarlegum flutningi úr húsinu út á tún, er jarðskjálftarnir dundu yfir.

Þorsteinn Jónsson segir: »Ein kona fæddi »mola carnosa« (óeðlilegt egg), eptir að hafa gengið með hana í 6 mánuði; varð jeg að hjálpa með því að taka meiri hlutann af »mola« með höndunum«.

Sigurður Sigurðsson segir: Eitt skaðvænt tilfelli af eclampsia in graviditate (krampa um meðgöngutímann) kom hjer fyrir. A. Þ., gipt, 24 ára, vanfær í 10 mánuði. Þann $\frac{8}{4}$ undir háttatíma fjekk hún velgju og krampadrætti og lagðist fyrir. Hafði annars verið á fótum og allt af vel frísk um meðgöngutímann. Var þá farið eptir yfirsetukonu. Ekki bar neitt á, að sjúklingurinn fengi neinar fæðingarhríðir, en fór að fá uppköst, harðari og harðari, og hafði ráð og rænu í milli. Um það leyti er yfirsetukonan kom, fór hún að fá krampa æ tíðari og tíðari; var þá farið eptir mjer undir morguninn þann $\frac{9}{4}$, en um það leyti, sem sendimaður fór af stað, dó hún; ferðin til mín og aptur til sjúklingsins tók 5 klukkutíma á góðum hestum«.

Fyrir Guðmund Björnsson kom óvanalegt tilfelli; það var 38 ára gl. kona, sem áður hafði fætt 6 sinnum og ávallt gengið vel. Nú bar þannig að: fyrsta skálega með framföllnum v. handlegg og vinstri fót; burðinum snúið við; hægri handleggur lá um hálsinn að aptan. Það var fullþroska andvana stúlkubarn; konunni heilsaðist vel á eptir.

Fyrir Davíð Scheving kom fæðing, þar sem hann varð að snúa burðinum sökum þess, að andlitið bar að með framfallinni hendi og framföllnum naflastreng.

Ginklofi (trismus neonatorum) hefir að eins komið fyrir í 1 skipti; var það í Vestmannaeyjum; barnið dó.

Bólusetning.

Því er miður, að menn vanrækja að mun að láta bólusetja börnin, og margir af læknunum kvarta undan því, að mikið ólag sje á henni; margir minnast ekkert á neina bólusetning.

Lögboðinn líkskurður (obductio legalis).

Lögboðinn líkskurður hefir tvisvar verið gjörður á þessu ári. Annar í Reykjavík á manni, er fannst örendur í Svínahrauni, og sýndi skurðurinn, að dauðameinið var heilablóðfall. Hinn var gjörður af Davíð Scheving á manni, sem hafði hengt sig.

Skýrsla

um húseignir á Íslandi 1892–1896.

Það hefur áður verið tekið fram, að skýrslur þessar sjeu áreiðanlegar yfir höfuð að tala. Ónákvæmnin sem í þeim er, kemur helzt þannig fram, að þegar einn maður á fleiri en eina húseign kann þetta að vera talið ein húseign, og þegar tveir menn eiga eitt hús saman kunna það að vera talin tvö hús. Virðingarverðið getur ávallt verið nokkuð ónákvæmt í upphafi, en sjaldnast mun það vera of hátt aptur kann það að haldast of hátt þegar húsið fer að eldast, ef eigandinn hirðir ekki um að láta lækka virðinguna. Þinglýstar veðskuldir munu vera of háar í ýmsum tilfellum, því það er opt ekki venja, að láta aflýsa skuld sem borguð er, fyrr en nokkru eptir að hún hefur verið borguð. Aflýsingin er með öðrum orðum allopt trössuð, þangað til þarf að veðsetja eignina á ný, eða hún er seld. Einstöku sinnum eru þinglýstar veðskuldir ónákvæmar að því leyti, að t. d. verzlunarhús, sem eru virt á 20,000 kr. eru veðsett fyrir 45,000 kr. t. d., því þá hvíla síðustu 25,000 kr. ekki á húseigninni öðru vísi en óbeinlínis, en þessháttar kemur ekki mjög opt fyrir.

Tala húseigna. Þau hús, sem eru talin hjer í skýrslunum, eru hús sem ekki eru notuð við ábúð á jörðu sem metin er til dýrleika, eða með öðrum orðum kaupstaðarhús. Kirkjur og skólar í kaupstöðum eru ekki taldir, þó er dómkirkjan og öll skólahús í Reykjavík talin með. Flest hús sem eru metin minna en 500 kr. ganga frá utan Reykjavíkur og Akraness. Það hefur opt valdið ruglingi, að húsaskattsskýrslurnar, sem eru undirstaðan undir þessum skýrslum, telja stundum þessi hús, en stundum ekki. Tala húsa og virðingarverð geta því hækkað og lækkað að eins af því. Á virðingarverðinu munar þetta sárlitlu en á húsatölunni munar það miklu á hverjum einstökum stað.

Frá því 1879 hefur tala húseigna farið hækkandi, nema árin 1888 og 1889. Hún var árið

1887	1021	1888	1003
1889	999.		

Bæði Reykjavík og Ísafjörður höfðu byggst yfir sig, og Norðmenn fóru að flytja burtu síldarhús sín eptir 1887. Annars hefur húseignum fjölgað ár frá ári, og það svo fljótt að furðu gegnir, eins og þessar tölur sýna: Húseignir voru

1879	394	1892	1132
1880	418	1893	1164
1885	923	1894	1200
1890	1088	1895	1218
1891	1120	1896	1311

Húseignatalan sem var 1879, var tvöfölduð 1883—84, og þrefölduð 1893—94, og hefur þannig þrefaldast á 15 árum. Ef nokkuð mætti álykta frá því um ókomna tímann, gæti tala

þessara húseigna verið komin upp í 2400 árið 1910, og kaupstaðir og kaupstaðarhús þá haft hjer um bil 14,000 íbúa.

Virðingarverð húseigna hefur vaxið stöðugt frá því 1879. Það hefur hækkað árlega frá 100 þús.—500 þús. króna. Aldrei hefur það komið fyrir að virðingarverðið hafi verið lægra síðara árið, en það var næsta ár á undan, en eitt árið mátti heita að það stæði í stað. Virðingarverðið var:

1888.....4.023 þús. kr. en
1889.....4.069 — —

eða hækkaði 1889 um einar 46 þús. krónur. Annars hefur það verið:

1879	1,665 þús. kr.	1892	4,354 þús. kr.
1880	1,796 — —	1893	4,517 — —
1885	3,476 — —	1894	4,782 — —
1890	4,143 — —	1895	4,976 — —
1891	4,252 — —	1896	5,269 — —

Af því að meðaltal gefur ekki góða skýringu um framför, sem stöðugt og órjúfanlega heldur áfram, hefur verið tekin sú aðferðin við hin undanförnu ár, að tilgreina upphæðina eins og hún var 1880, 1885 og 1890 í staðinn fyrir að taka meðaltalið af árunum 1881—85 og 1886—90.

Virðingarverðið frá 1879 tvöfaldast 1884—85. Árið 1881—82 stígur það um 600 þús. krónur (1881 var um vorið lokið við alþingishúsið, sem er virt á 100 þús. kr.). Frá 1882—87 vex það um c. 200 þús. kr. árlega, en stendur svo í stað 1889, eptir harða árið 1887, sem setti allt niður hjer á landi. 1895 er það þrefalt við það sem það var 1879, og hefur þannig þrefaldast á 16—17 árum. Ef nokkra áætlun má gjöra fyrir óorðna tímann frá því, má búast við að virðingarverð þessara húsa verði hjer um bil 10 miljónir króna 1910. Ef það skyldi rætast, yrði líklega meira fje í kaupstaðarhúsum þá, en í öllum jörðum og bændabýlum á landinu.

Opinberar byggingar 1896 eru hinar sömu og áður hafa verið, (sbr. Stjtíð. 1892 bls 113). Tala þeirra er 18, og virðingarverð þeirra 416 þús. krónur.

Það hefur verið gjört einu sinni áður í skýrslum þessum, að sýna fram á vöxt Reykjavíkur, sem er höfuðstaður landsins. Þá var gizkað á, að Reykjavík ætti að geta haft 5000 íbúa nálægt 1907, en 10,000 nálægt 1934:

Bæjarbúar í Reykjavík voru:

1801	307	1855	1354
1835	639	1860	1444
1840	890	1870	2024
1845	961	1880	2567
1850	1149	1890	3886

1895.....4200.

Síðasta árið eru 34 Reykvíkingar fyrir hvern einn 1801. Íbúatalan hefur á þessu tímabili, sem er næstum heil öld tvöfaldast fyrst frá 1801—35, í annað sinni frá 1835—54, í þriðja sinni frá 1854—80. Fyrsta tvöföldunin verður á 34 árum, önnur á 19 árum, þriðja á 25 árum. Frá 1870—94 tvöfaldast íbúatalan þar fyrir utan, frá 1855—81 sömuleiðis. Íbúatala bæjarins þarf þannig ávallt þess skemmri tíma til að tvöfaldast, þess lengra sem líður á öldina, svo nú sýnist tvöföldunartíminn vera 23 ár. Nú skyldi því mega ætla að Reykjavík verði búin að fá 5000 íbúa 1903 og 10,000 1926. En það er ekki ólíklegt að bærinn hafi 5000 manns fyrir 1903 t. d. 1901., eða töluvert fyrr en ætlast var á áður.

Það sem einkum vekur eptirtekt í þessum skýrslum, er hvað breytingin verður fljótt. Á 17 árum getur þjóð vor lagt fram 3½ miljón króna til bygginga; þó taka byggingar á jörð-

um miklum framförum á sama tíma. Á 17 árum fjölgar fólkinu í kaupstöðunum ef allt er talið, um 3000 eða því nær. Lífið á Íslandi er að breyta útliti, og skipta ham, ef svo mætti segja. Farvegurinn sem gamli lífsstraumurinn lá í er að breytast, lífið er að verða ríkara en það var áður, menn geta heldur breytt um stöðu, og allt þetta fer fram á fáum árum. Það er hætt við að kaupstaðirnir beri ekki þennan vöxt lengi, nema þar komi upp iðnaður, sem heldur mörgum höndum á verki, og það er langt frá að þessi framför í iðnaði, sem nú þarf á að halda sje ómöguleg, eða óhugsandi, þar sem nú þegar eru til spuna- og tóvinnuvjelar, og prjónavjelar eru að færast út um allt land. — Það er því sem komið er, meiri þörfin að fullkomna það sem þegar er til, en að framleiða iðnaðinn að nýju.

Margir munu nú hugsa, að þessi fjölgun í kaupstöðunum, sje að eins flutningur á fólkinu burt úr sveitunum, og til kaupstaðanna. Það er svo, ef litið er á mannfjöldann 1880 og 1890. Á þeim árum hefur fækkað í sveitunum. Sje aptur litið á árin 1890—95, svo hefur fjölgað aptur í sveitunum. Með sveitunum eru hjer taldar sjávarsveitirnar. En sjálfsagt hefur hinu eiginlega sveitafólki fækkað mikið frá 1880—95. Flestir kvarta yfir því, að hjú sjeu víða ófáanleg til sveita — það er að segja árshjú, — og það mun vera satt. Menn kenna það lausamennskulögunum nýju. Það er líklegt, að þau eigi mikinn þátt í því. Nú er mikið los á öllu hjer, sem líklega helzt við fram yfir aldamótin; en svo, þegar mikill fjöldi fólks er búinn að vera laus nokkurn tíma, fara margir þeirra að sjá, að gamla ástandið, með þeim breytingum, sem það þá verður búið að taka, sje eins hollt fyrir sig. Bændur fara að fá verkamenn og hjú líkt og áður, og að nokkrum tíma liðnum verður allt svipað því, sem áður var, nema hvað ýmsar nýjungar verða þá komnar á, sem ekki er unnt fyrir að sjá. Annars hafa þessi nýju lausamennskulög haft mikla þýðingu fyrir landið. Fólkinu hefur fjölgað fjarska mikið síðan þau komust á, og það álít jeg stafi af því, að þau hafa meira en allar aðrar rjettarbætur og ráðstafanir til samans, dregið úr fólksflutningunum til Vesturheims. Því þegar menn voru áður í sambandi við Vesturheimsferðir að kvarta undan kúgun og áþján, og gefa í skyn, að þess vegna færu þeir, þá gátu fæstir, sem fóru, haft neitt verulegt annað í huga, en vistarbandið, sem áður var.

Þær breytingar sem gjört er ráð fyrir eru helzt breytingar á kaupgjaldi verkamanna í sveitum. Það er líklegt að kaupið verði að hækka fyrir duglega verkamenn, en að það geti orðið lægra fyrir suma aðra. En einkum sýnist þurfa að venja menn á að borga og taka kaup eptir árstíðum, og verkinu sem unnið er.

Virðingarverð húseigna o. fl. 1892.

Kaupstaður eða hvar húsin eru.	Tala húseigna.	Virðingarverð húseigna.	Þinglýstar veðskuldir.	Skattskyld upphæð.	Húsaskattur.	
		kr.	kr	kr.	kr.	aur.
Papós	1	5000	...	5000	7	50
Vík	1	3700	...	3500	5	25
Vestmannaeyjar	24	89785	...	83500	125	25
Eyrarbakki	44	104229	14400	87500	131	25
Þorlákshöfn	1	7000	...	7000	10	50
Önnur hús í Árnessýslu,..	3	3950	...	3000	4	50
Keflavík	18	94750	11060	80000	120	...
Hafnarfjörður	63	168660	41750	112500	168	75
Önnur hús í Kj.- og Gullbr.s.	5	14300	...	13500	20	25
Reykjavík	499	2000232	786050	891500	1337	25
Akranes	42	60445	9500	43000	64	50
Samtals í Suðuramtinu	701	2552051	862760	1330000	1995	...
Borgarnes	7	25300	...	25000	37	50
Búðir	1	6800	...	6500	9	75
Ólafsvík	5	25050	21500	11500	17	25
Stykkishólmur	15	101870	45630	78500	117	75
Skarðsstöð	2	10100	...	9500	14	25
Flatey	5	22380	...	21500	32	25
Patreksfjörður	5	30650	2000	18000	27	...
Bíldudalur	1	18000	...	18000	27	...
Þingeyri	5	34200	...	33500	50	25
Ísafjörður	88	380962	59602	307000	460	50
Önnur hús í Ísafjarðarsýslu	22	111655	4200	104500	156	75
Reykjarfjörður	1	3000	...	3000	4	50
Borðeyri	2	21150	14000	11000	16	50
Samtals í Vesturamtinu	159	791117	146932	647500	971	25
Blönduós	4	35100	...	34000	51	...
Hólanes	1	4000	...	4000	6	...
Skagaströnd	1	7200	...	7000	10	50
Önnur hús í Húnavatnssýslu..	3	3440	...	2500	3	75
Sauðárkrókur	19	80260	2450	72500	108	75
Hofsós	1	4300	...	4000	6	...
Siglufjörður	5	28100	...	26500	41	25
Akureyri og Oddeyri	57	215293	27435	177500	266	25
Önnur hús í Eyjafjarðarsýslu	9	43625	...	15000	22	50
Raufarhöfn	2	8530	...	8500	12	75
Húsavík	5	40750	7900	33000	49	50
Vopnafjörður	16	66632	8437	54500	81	75
Seyðisfjörður	89	268080	11252	240500	360	75
Önnur hús í Norðurmúlasýslu	1	700	...	500	...	75
Eskifjörður (= Reyðarfj.hrepp.)	29	123150	20900	98500	147	75
Djúpivogur	7	20200	268	18500	27	75
Önnur hús í Suðurmúlasýslu	23	62404	2846	57500	86	25[1]
Samtals í N.- og Austuramtinu	272	1011764	81488	855500	1283	25
Samtals á öllu landinu	1132	4354932	1091180	2833000	4249	50

1) Skatturinn of hátt talinn í sýslureikningnum um 50 aura.

Virðingarverð húseigna o. fl. 1893.

Kaupstaður eða hvar húsin eru.	Tala húseigna.	Virðingarverð húseigna.	Þinglýstar veðskuldir.	Skattskyld upphæð.	Húsaskattur.	
		kr.	kr.	kr.	kr.	aur.
Papós	1	5000	...	5000	7	50
Vík	1	3700	...	3500	5	25
Vestmannaeyjar	24	91761	...	86000	129	...
Eyrarbakki	45	108129	15353	90000	135	...
Þorlákshöfn	1	7000	...	7000	10	50
Önnur hús í Árnessýslu	3	3950	...	3000	4	50
Keflavík	24	99850	11940	84500	126	75
Hafnarfjörður	63	177760	53659	113000	169	50
Önnur hús í Kj.- og Gullbr.s	8	16350	18200	8500	12	75
Reykjavík	501	2023656	800653	894500	1341	75
Akranes	40	60445	12800	39500	59	25
Samtals í Suðuramtinu	711	2597601	912605	1334500	2001	75
Borgarnes	7	25300	...	25000	37	50
Búðir	1	6800	...	6500	9	75
Ólafsvík	7	29250	22200	17500	26	25
Stykkishólmur	15	98870	45630	77500	116	25
Skarðsstöð	2	10225	...	9500	14	25
Flatey	5	22380	...	21500	32	25
Patreksfjörður	4	19200	2000	17500	26	25
Bíldudalur	1	23000	...	23000	34	50
Þingeyri	5	35200	...	33500	50	25
Ísafjörður	88	380962	61652	305500	458	25
Önnur hús í Ísafjarðarsýslu	24	186455	4200	180500	270	75
Reykjarfjörður	1	3000	...	3000	4	50
Borðeyri	2	21150	...	21000	31	50
Samtals í Vesturamtinu	162	861792	135682	741500	1112	25
Blönduós	4	35100	...	34000	51	...
Hólanes	1	4000	...	4000	6	...
Skagaströnd	1	7200	...	7000	10	50
Önnur hús í Húnavatnssýslu	3	3440	...	2500	3	75
Sauðárkrókur	22	86770	2450	78000	117	...
Hofsós	1	4300	...	4000	6	...
Siglufjörður	5	28100	...	27000	40	50
Akureyri og Oddeyri	64	236600	26461	201000	301	50
Önnur hús í Eyjafjarðarsýslu.	10	48608	...	19000	28	50
Raufarhöfn	2	8530	...	8500	12	75
Húsavík	5	40750	7900	33000	49	50
Vopnafjörður	16	66632	8437	54500	81	75
Seyðisfjörður	95	272580	17700	237500	356	25
Önnur hús í Norðurmúlasýslu	1	700	—	500	...	75
Eskifjörður (Reyðarfj.hreppur.	29	127150	20900	99500	149	25
Djúpivogur	7	20200	268	18500	27	75
Önnur hús í Suðurmúlasýslu	25	67204	2846	60000	90	...[1]
Samtals í N.- og Austuramtinu	291	1057864	86962	888500	1332	75
Samtals á öllu landinu	1164	4517257	1135249	2964500	4446	75

1) Skatturinn er talinn of hátt um 2 kr. í sýslureikningnum.

Virðingarverð húseigna o. fl. 1894.

Kaupstaður eða hvar húsin eru.	Tala húseigna.	Virðingarverð húseigna.	Þinglýsta veðskuldir.	Skattskyld upphæð.	Húsaskattur.	
		kr.	kr.	kr.	kr.	aur.
Papós	1	5000	...	5000	7	50
Vík	1	3700	...	3500	5	25
Vestmannaeyjar	25	91436	1500	85000	127	50
Eyrarbakki	45	108954	4353	96500	144	75
Þorlákshöfn	1	7000	...	7000	10	50
Önnur hús í Árnessýslu	2	3400	...	2500	3	75
Keflavík	22	128200	16950	86500	129	75
Hafnarfjörður	68	182010	71317	112500	168	75
Önnur hús í Kj.- og Gullbr.s.	14	22100	18200	13500	20	25
Reykjavík	521	2101701	811281	928000	1392	...
Akranes	40	60445	12800	39500	59	25
Samtals í Suðuramtinu	740	2713946	936401	1379500	2069	25
Borgarnes og Kóranes	9	33280	633	30000	45	...
Búðir	1	6800	...	6500	9	75
Ólafsvík	7	29250	22200	17500	26	25
Stykkishólmur	15	116850	46630	77500	116	25
Skarðsstöð	2	10100	...	9500	14	25
Flatey	5	22380	6000	17000	25	50
Patreksfjörður	3	20200	2000	17500	26	25
Bíldudalur	3	35100	1200	33000	49	50
Önnur hús í Barðastrandars.	1	12500	...	12500	18	75
Þingeyri	5	34200	...	33500	50	25
Ísafjörður	90	386152	70452	286500	429	75
Önnur hús í Ísafjarðarsýslu	21	267155	13640	251000	376	50
Reykjarfjörður	1	3000	...	3000	4	50
Borðeyri	3	22750	...	22500	33	75
Samtals í Vesturamtinu	166	999717	162755	817500	1226	25
Blönduós	4	34400	...	33500	50	25
Hólanes	1	4000	...	4000	6	...
Skagaströnd	1	7200	...	7000	10	50
Önnur hús í Húnavatnssýslu	3	2800	...	1500	2	25
Sauðárkrókur	22	86770	2450	78000	117	...
Hofsós	1	4300	...	4000	6	...
Siglufjörður	5	28100	...	27500	41	25
Akureyri og Oddeyri	64	248818	31761	211000	315	50
Önnur hús í Eyjafjarðarsýslu	5	38750	...	10500	15	75
Raufarhöfn	2	8530	...	8500	12	75
Húsavík	5	40750	7900	33000	49	50
Vopnafjörður	16	66632	12783	49500	74	25
Seyðisfjörður	97	285880	19561	249000	373	50
Önnur hús í Norðurmúlasýslu	1	700	...	500	...	75
Eskifjörður (Reyðarfj.hreppur)	35	124050	18800	104500	156	75
Djúpivogur	7	20200	...	18500	27	75
Önnur hús í Suðurmúlasýslu	25	67528	2846	62000	93	..
Samtals í N.- og Austuramtinu	294	1068818	96101	902500	1353	75
Samtals á öllu landinu	1200	4782481	1195257	3099500	4649	25

1) Skatturinn er rangur í sýslureikningnum um 50 aura.

Virðingarverð húseigna o. fl. 1895.

Kaupstaðir, eða hvar húsin eru.	Tala húseigna.	Virðingarverð húseigna.	Þinglýstar veðskuldir.	Skattskyld upphæð.	Húsaskattur.	
		kr.	kr.	kr.	kr.	aur,
Papós	1	5000	...	5000	7	50
Vík	1	3700	...	3500	5	25
Vestmannaeyjar	27	96629	4250	87509	131	25
Eyrarbakki	45	108954	3853	97000	145	50
Þorlákshöfn	1	7000	...	7000	10	50
Önnur hús í Árnessýslu	2	3400	...	2500	3	75
Keflavík	26	111300	16290	89000	133	50
Hafnarfjörður	68	182360	81137	111000	166	50
Önnur hús í Kj.- og Gullbr.sýslu	13	21200	18800	12500	18	75
Reykjavík	522	2147462	831741	945500	1418	25
Akranes	40	60445	17300	35000	52	50
Samtals í Suðuramtinu	746	2747450	973371	1395500	2093	25
Borgarnes og Kóranes	10	32880	800	31000	46	50
Búðir	1	6800	...	6500	9	75
Ólafsvík	7	29250	22690	17000	25	50
Stykkishólmur	16	102770	47947	77000	115	50
Skarðsstöð	2	13750	...	13000	19	50
Flatey	5	22380	6000	17000	25	50
Patreksfjörður	5	34000	20000	21000	31	50
Bíldudalur	3	42700	3200	39500	59	25
Önnur hús í Barðastrandarsýslu	1	63305	...	63000	94	50
Þingeyri	10	49500	...	48000	72	...
Ísafjörður	93	394337	78752	291500	437	25
Önnur hús í Ísafjarðarsýslu	24	302030	13640	285000	427	50
